

## Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

2014/EES/4/54

frá 13. mars 2003

um breytingu á ákvörðun 2002/657/EB með tilliti til þess að ákvarða lágmarkskröfur um nothæfi (MRPL) að því er varðar tiltekna efnaleifar í matvælum úr dýraríkinu

(tilkynnt með númeri C(2003) 764)

(2003/181/EB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Efnaleifar í afurðum úr dýraríkinu eru áhyggjuefni vegna lýðheilsu.
- 2) Til að tryggja samræmda framkvæmd tilskipunar 96/23/EB er nauðsynlegt að kveða á um að koma smám saman á lágmarksviðmiðunarmörkum fyrir nothæfi (LVMN) (var áður lágmarkskröfur um nothæfi) greiningaraðferða fyrir efni sem leyfileg mörk hafa ekki verið ákvörðuð fyrir, einkum þau efni sem ekki er leyfilegt að nota eða eru sérstaklega bönnuð í Bandalaginu.
- 3) Þar eð klóramfenikól, nítrófúranar og medroxýprógesterónasetat hafa greinst í matvælum úr dýraríkinu hafa mörkin fyrir samræmdar lágmarkskröfur varðandi nothæfi greiningaraðferða, þegar um þessi efni er að ræða, verið samþykkt í samráði við tilvísunarrannsóknarstofur Bandalagsins, tilvísunarrannsóknarstofur í hverju aðildarríki og aðildarríkin.
- 4) Áfram er þó leyfilegt að gefa inn eitt af framangreindum efnum í tengslum við dýrarækt, með þeim ströngu skilyrðum sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 96/22/EB.

5) Nauðsynlegt er að kveða á um samræmd mörk fyrir eftirlit með þessum efnum til að tryggja sömu neytendavernd í gervöllu Bandalaginu. Því ber að breyta ákvörðun 2002/657/EB <sup>(2)</sup> til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2002/657/EB er breytt sem hér segir:

1. Í 2. gr. komi „I. viðauka“ í stað „viðaukanum“.

2. Í b- og c-lið 3. gr. komi „I. viðauka“ í stað „viðaukans“.

3. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu tryggja að greiningaraðferðirnar, sem notaðar eru til að greina eftirfarandi efni, uppfylli lágmarksviðmiðunarmörk fyrir nothæfi (MRPL), sem settar eru fram í II. viðauka, fyrir þann efnivið sem um getur í þeim viðauka:

- a) klóramfenikól,
- b) umbrotsefni nítrófúrana,
- c) medroxýprógesterón.“

4. Textanum í viðaukanum við þessa ákvörðun er bætt við sem II. viðauka.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 71, 15.3.2003, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2003 frá 7. nóvember 2003 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, 12.2.2004, bls. 7.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 221, 17.8.2002, bls. 8.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. mars 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

VIDAUKI

„II. VIDAUKI

**Lágmarksviðmiðunarmörk fyrir nothæfi**

Efni og/eða umbrotsefni	Efniviður	LVMN
Klóramfenikól	Kjöt Egg Mjólk Þvag Lagareldisafurðir Hunang	0,3 µg/kg
Medroxýprógesterónasetat	Nýrnafita úr svínum	1 µg/kg
Umbrotsefni nítrófúrana: —fúrasólídón —fúraltadón —nítrófúrantóín —nítrófúrasón	Alifuglakjöt Lagareldisafurðir	1 µg/kg fyrir hvert